

93. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 27. nóvember 2018

Fundargerð

Fundurinn haldinn í Þingmúla, Valaskjálfi og hófst kl. 9:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Einar Már Sigurðarson (EMS), Hildur Þórisdóttir (HP), Þráinn Lárusson (PL), Gunnar Jónsson (GJ)
Mættir stjórnarmenn Austurbrúar í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁP) sem ritaði fundargerð.
Gestir fundarins: Guðrún Áslaug Jónsdóttir, yfirverkefnastjóri, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 92
2. Fundur framkvæmdastjóra og yfirverkefnastjóra í menntamálaráðuneytinu 22. nóvember sl.
3. Kynning verkefna
 - Verkefni tengt menntamálum innan Austurbrúar
Guðrún Áslaug Jónsdóttir, yfirverkefnastjóri
 - Verkefni tengt orkuskiptum
Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, verkefnastjóri
 - Innviðagreiningar
Jón Steinar og Jóna Árný
4. Staða mála í starfshópum á vegum ráðuneyta sem framkvæmdastjóri situr í
5. Staða samtalsferlis við stofnaðila Austurbrúar
6. Önnur mál

Formaður stjórnar Einar Már setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna.

1. Staðfesting fundargerðar nr. 92

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 92 og undirritaði fundargerðir nr. 91 og nr. 92.

2. Fundur í menntamálaráðuneytinu 22. nóvember

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði sem fram komu á árlegum fundi sem símenntunarmiðstöðvar eiga við menntamálaráðuneytið. Fundinn sátu framkvæmdastjóri og yfirverkefnastjórar Austurbrúar. Ljóst er að töluverð vinna er í gangi í ráðuneytinu er tengist samningum á grundvelli laga um opinber fjármál og ýmsar áherslur á fundinum komu fram sem skoða þarf betur. Ljóst þykir að aftur verður samningur við Austurbrú framlengdur um ár en reikna má með að það sé í síðasta skipti sem framlengt er með þessum hætti. Framkvæmdastjóra og yfirverkefnastjóra kjarnaverkefna er falið að skoða áfram málin varðandi það umhverfi sem tekur við að lokinni þessari ársframlengingu m.a. út frá lagalegum forsendum og leggja fyrir stjórnarfund í janúar.

3. Kynning verkefna

- *Verkefni tengt menntamálum innan Austurbrúar*
Guðrún Áslaug Jónsdóttir, yfirverkefnastjóri og Jóna Árný framkvæmdastjóri fóru yfir helstu verkefni Austurbrúar á sviði menntamála. Umræður urðu um bæði verkefnin, innihald þeirra og fyrirkomulag. Stjórn þakkaði kærlega fyrir góða umfjöllun og yfirferð.
- *Verkefni tengt orkuskiptum innan Austurbrúar*
Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, verkefnastjóri fór yfir verkefnin sem í gangi eru innan Austurbrúar tengt orkuskiptum. Stjórn þakkaði kærlega fyrir góða umfjöllun og yfirferð.
- *Innviðagreiningar*
Umfjöllun frestað til fundar í janúar.

4. Staða mála í starfshópum

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála í þeim starfshópum sem hún situr í á vegum ráðuneyta.

5. Staða samtalsferlis við stofnaðila Austurbrúar

Í kjölfar stjórnarfundar þann 27. nóvember mun verða haldinn fulltrúaráðsfundur í Austurbrú. Þar verður rætt um næstu skref.

6. Önnur mál

Engin önnur mál

Næsti fundur stjórnar verður þann 11. desember á Reyðarfirði kl. 10-12.
Fundi slitið kl. 10:55.

Einar Már Sigurðarson

Sæunn Stefánsdóttir

Hildur Þórisdóttir

Þráinn Lárusson

Gunnar Jónsson